



17. febrúar 2014  
1401217

Nefndasvið Alþingis  
Alþingishúsinu v/Austurvöll  
150 Reykjavík

*Efni:* Frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum

Umsagnarbeiðni barst Seðlabanka Íslands frá Nefndasviði Alþingis með tölvupósti dags. 27. janúar sl., um nýtt frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum (þskj. 367 – 238. mál).

Í bréfi þessu greinir helstu athugasemdir Seðlabankans við frumvarpið.

Að mati Seðlabankans hefði farið betur á því að aðskilja málin þrjú sem felld eru undir einn hatt í einu og sama frumvarpinu. Lagaumhverfi fjármálamarkaðar, þ.m.t. rafrænnar greiðslumiðlunar, vex stöðugt að umfangi. Gagnsæi og aðgengileiki væri betur tryggður með fyrrgreindum hætti. Skýrari heildarmynd og yfirlit yfir gildandi reglur á hverjum tíma gagnast ekki aðeins greiðsluþjónustuveitendum og opinberum eftirlitsaðilum heldur og notendum greiðsluþjónustu, þ.m.t. neytendum. Þannig er t.d. líklegt að efnisákvæði reglugerðar EB nr. 260/2012 óviðkomandi reglugerð EB nr. 924/2009 komi til með að taka breytingum í framtíðinni.<sup>1</sup> Auðvelt þarf að vera fyrir leikmenn jafnt sem lærða að rekja áorðnar breytingar á einstökum reglugerðum Evrópusambandsins sem innleiða þarf á Íslandi vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga ríkisins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Aðskilnaður tengdra reglugerða (hvort heldur með sérlögum eða sjálfstæðum reglugerðum) væri til bóta í því samhengi.

Rétt þykir að áréttá mikilvægi upplýsingaöflunar Seðlabankans um greiðslur yfir landamæri í evrum og annarri erlendri mynt fyrir hagskýrslugerð og greiningu á greiðslujöfnuði, sbr. umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu að því er varðar 5. gr. reglugerðar EB nr. 924/2009, með áorðnum breytingum sbr. reglugerð EB nr. 260/2012. Þessi upplýsingaöflun bankans uppfyllir skilyrði 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar; hún hefur ekki áhrif á samfellda vinnslu (STP) greiðslna og greiðsluþjónustuveitendur geta framkvæmt hana algerlega sjálfvirkt. Áhrifa hrunsins gætir enn á Íslandi og áætlun um afnám hafta hefur ekki komið til framkvæmda. Greinargóðar upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti eru sérstaklega mikilvægar þegar horft er til afnáms

<sup>1</sup> Aðeins eitt ákvæði reglugerðar EB nr. 260/2012 varðar reglugerð EB nr. 924/2009; þ.e. felur í sér breytingar á henni (17. gr.).



fjármagnshafta. Að því er varðar framkvæmd eftirlits með lögum um gjaldeyrismál af hálfu Seðlabankans er öflun upplýsinga um einstök gjaldeyrisviðskipti jafnframt órjúfanlegur þáttur, sbr. einkum 14. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, og 29. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Við starfsemi gjaldeyriseftirlits Seðlabankans er m.a. gætt að því að uppfyllt séu skilyrði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og má þess t.d. geta að við meðferð persónuupplýsinga sem safnað er í þágu eftirlits með framkvæmd laga nr. 87/1992 er höfuðáhersla lögð á að takmarka aðgengi við starfsmenn Gjaldreyisefirlitsins. Þá eru ráðstafanir einnig gerðar til að takmarka aðgengi að umræddum gögnum innan sviðsins.

Áhrif innleiðingar reglugerðanna eru jákvæð á greiðslumiðlun á Íslandi í þeim skilningi að hún kemur til með að leiða af sér rekstrarsamhæfi íslenskra og evrópskra greiðslu- og uppgjörskerfa. Þó svo að í þeim gerðum sem frumvarpið lýtur að sé aðeins miðað við greiðslur í evrum er fyrir séð að sama regluverk verður yfirfært á greiðslur yfir landamæri í öðrum gjaldmiðlum á Evrópska efnahagssvæðinu þegar fram í sækir. Innleiðing gerðanna kann að hafa áhrif á íslenska fjármálainnviði m.t.t. öryggis og leiða til lægri kostnaðar fyrir notendur greiðsluþjónustu, þ.m.t. neytendur. Íslensk fjármálafyrirtæki munu á síðastliðnum árum hafa aðlagð sig tæknilega að efni gerðanna, eins og nánar greinir í athugasemdum frumvarpsins, en gerðirnar eiga sér fyrirmynd í SEPA (e. Single Euro Payments Area).

Tímafrestrir þeir sem greinir í frumvarpinu virðast raunhæfir, að mati Seðlabankans.

Virðingarfyllst,  
f.h. SEÐLABANKA ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

Guðmundur Kr. Tómasson  
framkvæmdastjóri